

**Nd.**

## **238. Frumvarp til laga**

um breyt. á lögum nr. 3 1935, um verkamannabústaði.

Flm.: Jakob Möller, Pétur Halldórsson, Sigurður Kristjánsson.

### **1. gr.**

Fyrsta málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður veitir lán til byggingarféлага, sem reist eru á samvinnugrundvelli og að öðru leyti fullnægja skilyrðum 6. gr. þessara laga.

### **2. gr.**

Þriðja málsgrein sömu greinar laganna orðist svo:

Nú eru fleiri en eitt byggingarfélag stofnuð í kaupstað eða kauptúni, og veitir byggingarsjóður þá félögunum lán í hlutfalli við meðlimatölu þeirra, ef svo er ástatt, að ekki er unnt að fullnægja lánsþörf þeirra hvers um sig.

### **3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

### **Greinargerð.**

Til þess að náð verði tilgangi laganna um verkamannabústaði um aukningu bygginga í kaupstöðum og kauptúnum, virðist brýn þörf á að auka áhugann fyrir því, að hlunnindi þau, sem almenningi er með lögnum gerður kostur á að verða aðnjótandi, komi sem flestum að notum. Þetta er mjög torveldað með því, að lánveitingar byggingarsjóðs eru bundnar við aðeins eitt byggingarfélag á hverjum stað, og virðist því einsætt, að gera beri þá breytingu á lögnum, sem í frv. felst. Verður nánari grein gerð fyrir því í framsögu.